

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 1. mars 2010 staðfest aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003 með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010